

Skýrsla stjórnar á ársfundi Frjálsa lífeyrissjóðsins 3. júní 2025

Fundarstjóri, ágætu sjóðfélagar og aðrir fundarmenn.

Velkomin á ársfund Frjálsa lífeyrissjóðsins, bæði þið sem hér sitjið og þið sem fylgist með fundinum í streymi.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur frá stofnun 1978 barist fyrir valfrelsi í lífeyrismálum og verið öllum opinn sem séreignarsjóður svo og valkostur fyrir þau sem búa við það frelsi að geta valið sér lífeyrissjóð til að greiða skylduiðgjöld sín til. Frá upphafi hefur sjóðurinn verið í rekstri hjá fjármálafyrirtæki og hefur það fyrirkomulag gefið Frjálsa ákveðna sérstöðu á markaði. Útvistun rekstrar gerir þá kröfu á stjórn og rekstraraðila að fullt traust ríki á milli aðila og er gott að geta staðfest að svo sé.

Nýlega var endurnýjaður rekstrarsamningur við Arion banka þar sem markmiðið er að lækka rekstrarkostnað sjóðsins, eftir því sem sjóðurinn vex að umfangi, sjóðfélögum til hagsbóta. Samstarfið við Arion banka hefur gefið Frjálsa ákveðið forskot þegar kemur að aðgangi að færustu sérfræðingum meðal annars á sviðum eignastýringar, áhættustýringar ásamt sölu og markaðsmálum, að ógleymdu Arion appinu. Meðal þess sem rekstrarsamningurinn veitir Frjálsa er þjónusta öflugrar tækni- og þróunardeildar Arion banka, en eitt af þeim atriðum sem fellur undir rekstraráhættu og verður sífellt fyrirferðameira í daglegum rekstri er upplýsingatækniáhætta og öryggismál. Nýjasta eintak rekstrarsamningsins verður birt á næstu dögum á heimasíðu Frjálsa.

Í þjónustukönnun sem var gerð fyrir Frjálsa nýlega kom fram að heildaránægja sjóðfélaga er mikil. Athyglisvert er að um leið og mikil ásókn er í sjálfsafgreiðsluleiðir þá er mesta ánægjan meðal þeirra sem fengu persónulega þjónustu í útibúi, það er kannski lýsandi fyrir hversu flókin lífeyrismálin eru og að þjónustuleiðir þurfa að henta þeim sem eru að hefja lífeyrissparnað og einnig þeim sem eru farnir að huga að útgreiðslu eða eru nú þegar þar. Ungu fólkið velur að geta gert allar sínar aðgerðir í símanum en þeir sem eldri eru vilja persónulega þjónustu en allir sjóðfélagar vilja aðgengilegar upplýsingar og á það leggjum við áherslu í dag.

Í dag nýta sjóðfélagar Frjálsa Arion banka appið, sem er öllum sjóðfélögum aðgengilegt óháð því hvort þeir kjósi að vera með bankaviðskipti sín við Arion, til að hafa yfirsýn yfir lífeyrissparnað sinn. Þar er t.d. hægt að fylgst með ávöxtun, heildarstöðu og áætlaða inneign við starfslok. Þar er einnig hægt að gera fjölbreyttar aðgerðir, allt frá því að hefja sparnað, í að sækja um útgreiðslu séreignar og sækja hreyfingayfirlit. Það að við veljum að vera í Arionbanka appinu tryggir að Frjálsi er alltaf með nýjustu uppfærslurnar og reglulega er aðgerðum bætt við í appið.

Nýlega bættist við að sjóðfélagar Frjálsa geta nú skráð viðbótarlífeyrissparnað sinn í vildarkerfi Arion banka ef þeir svo kjósa sem getur falið í sér kjarabót varðandi ýmis bankaviðskipti.

Ávöxtun

Árið 2024 var allt í senn viðburðaríkt og krefjandi. Það einkenndist af háu vaxtastigi og lækkandi verðbólgu. Þrátt fyrir mikla óvissu vegna ríkisfjármála, eldsumbrota, kjarasamninga og kosninga innanlands og áframhaldandi innrásar í Úkraínu, stríð fyrir botni Miðjarðarhafs og kosningar í Bandaríkjunum endaði árið nokkuð vel. Nafnávöxtun fjárfestingarleiða var á bilinu 8,9% til 15,3% og raunávöxtun á bilinu 4,0% til 10,0%, hæst hjá þeim fjárfestingarleiðum sem vega þyngst í innlendum og erlendum hlutabréfum. Vaxtalækkunarferli Seðlabankans hófst í október og lækkun verðbólgu gefur vonir um eðlilegra vaxtastig á næstu misserum.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur undanfarin ár aukið vægi og breidd erlendra eigna en einnig hefur verið lögð áhersla á að fjárfesta í ólíkum eignaflokkum, atvinnugreinum og landsvæðum til þess að dreifa áhættu sem mest og stuðla þannig að hærri langtímaávöxtun.



Í ljósi áframhaldandi jarðhræringa sem hafa verið á Reykjanesi er rétt að ítreka að Frjálsi lífeyrissjóðurinn á eignir á Reykjaneskaga m.a. í HS veitum hf. í HS orku hf. og Bláa lóninu. Nema fjárfestingar á svæðinu um 11.400 milljónum. kr. sem svarar til um 2% af heildareignum Frjálsa. Nokkrar væringar hafa einnig átt sér stað í tengslum við fjárfestingu sjóðsins í Kísilveri á Bakka þar sem erfiðleikar á mörkuðum fyrir kísilmálm, áhrif tollastríðs á alþjóðavísu og aðrir þættir hafa leitt til tímbundinnar rekstrarstöðvunar verksmiðjunnar.

Í kynningu á ársreikningi ársins 2024 hér á eftir fara Arnaldur Loftsson og Hjörleifur Arnar Waagfjörð nánar yfir ávöxtun sjóðsins, og ávöxtun það sem af er ári, ásamt lykiltölum.

Hrein eign og stækkun

Í nóvember 2024 fagnaði Frjálsi lífeyrissjóðurinn þeim áfanga að rjúfa 500 milljarða múrinn hvað varðar stærð sjóðsins og er óhætt að segja að það sé langur vegur frá 9 milljörðunum sem hann var um aldamótin. Sjóðurinn hefur því fimmtíu og fimmfaldast á tiltölulega stuttum tíma. Þessi mikli vöxtur á síðustu árum hefur gert rekstur sjóðsins hagkvæmari sem hefur haft jákvæð áhrif á þjónustu og ávöxtun sjóðfélaga.

Stærð sjóðsins um áramót var 532,8 milljarðar króna en sjóðurinn stækkaði um 78,3 milljarða eða um 17,2 prósent. Hrein eign fjárfestingarleiða í séreignadeild var 354,3 milljarðar. Sjóðfélagar Frjálsa voru í lok árs 2024 tæplega sjötíu og þrjúþúsund og fjölgaði þeim um tæplega 2.800 á árinu. Heildarfjöldi sjóðfélaga sem greiddi iðgjöld árið 2024 var 27.726, rúmlega 1.300 fleiri en árið 2023. Frjálsi er 6. stærsti lífeyrissjóður landsins.

ÍL sjóður (Áður íbúðarlánasjóður)

Þann 10. apríl var haldinn fundur skuldabréfaeigenda ÍL-sjóðs. Á fundinum var lögð fram tillaga að skilmálabreytingu bréfanna sem heimilar útgefanda að gera bréfin upp með afhendingu tiltekinnar eignar. Tillagan er niðurstaða rúmlega tveggja ára viðræðna flestra hérlendra lífeyrissjóða, sem saman fóru með meirihluta skulda sjóðsins, og viðræðunefndar fjármála- og efnahagsráðherra.

Ástæða viðræðnanna var að í október 2022 gaf þáverandi fjármála- og efnahagsráðherra út yfirlýsingu þess efnis að vegna slæmrar stöðu íbúðarlánasjóðs væri best að ná samkomulagi við eigendur bréfanna um uppgjör og slit sjóðsins. Í febrúar 2024 hófust formlegar viðræður milli íslenska ríkisins og lífeyrissjóða um uppgjör skuldabréfa sjóðsins. Í mars 2025 lögðu ráðgjafar lífeyrissjóða og viðræðunefnd ráðherra fram tillögu um uppgjör HFF bréfa með ríkisskuldabréfum, öðrum verðbréfum og reiðufé, íslenskar krónur og gjaldeyri. Rúmlega 80% eigenda að kröfufjárhæð sem greiddu atkvæði á fundinum samþykktu tillöguna sem telst þá bindandi fyrir alla eigendur til jafns. Þetta þýðir að uppgjörsvirði íbúðabréfanna í eignasafni Frjálsa verður um 1,7 milljarði kr. hærra en kröfuvirði þeirra.

Ég tel mjög jákvætt að nú sé óvissu eytt í þessu stóra máli og að niðurstaðan sé ásættanleg fyrir Frjálsa lífeyrissjóðinn.

Fjárfestingar- og hluthafastefna

Frjálsi hefur að leiðarljósi við fjárfestingar að hámarka ávöxtun til langs tíma litið, að teknu tilliti til áhættu. Samkvæmt lögum skal lífeyrissjóður setja sér siðferðisleg viðmið í fjárfestingum sem er að finna í stefnu Frjálsa um ábyrgar fjárfestingar. Hluthafastefna Frjálsa markar stefnu sjóðsins í stjórnarháttum þar sem hann er hluthafi í félögum sem hann fjárfestir í. Hluthafastefnu og stefnu um ábyrgar fjárfestingar Frjálsa er birt á heimasíðu sjóðsins og þar er hægt að kynna sér hana nánar.

Síðustu ár hefur Frjálsi lagt áherslu á að auka hlutfall og dreifingu erlendra eignar og á móti hefur verið dregið úr vægi innlendra eignar. Í fjárfestingarstefnu fyrir 2025 er þessari vegferð haldið áfram með aukningu í erlendum hlutabréfum og erlendum sérhæfðum fjárfestingum. Erlendar eignir þykja áhættumeiri en innlend skuldabréf og er því áhættustigið aukið lítillega en þó mismikið eftir fjárfestingaleiðum. Breytingarnar eru til þess fallnar að mati stjórnar að stuðla að hærri langtímaávöxtun.

Annar þáttur sem hafa þarf í huga við fjárfestingaákvæðanir eru að fjárfestingarnar séu ábyrgar með UFS þættina sem leiðarljós, en það eru þættir sem snúa að umhverfinu, félagslegum þáttum og



stjórnarháttum. Aðalmarkmið að baki hugmyndafræði ábyrgra fjárfestinga er að stuðla að jákvæðum áhrifum, draga úr áhættu og skila sjálfbærri langtímaávöxtun. Mikil eftirspurn og krafa er eftir lausnum á þessu sviði og því er margt sem bendir til, að fjárfestingar í umhverfisvænum lausnum geti skilað góðri langtímaávöxtun. Með stefnu um sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar telur stjórn sig sýna vilja til að leggja aukna áherslu á umhverfis- og loftslagsmál, stuðla að jákvæðum samfélagsáhrifum og viðhafa góða stjórnarhætti við rekstur sjóðsins og fjárfestingarákvarðanir.

Tryggingafræðileg staða

Stjórn Lífeyrissjóðsins skal árlega láta reikna út fjárhag sjóðsins og skal niðurstaða athugunarinnar vera hluti af reikningsskilum lífeyrissjóðsins um hver áramót (sbr. 39. gr. laga nr. 129/1997). Samkvæmt tryggingafræðilegum útreikningi í árslok 2024 var áunnin staða tryggingadeildar -4,8%, núvirt framtíðarstaða, 2,8% og heildarstaða -1,1%. Heildarstaða segir til um tryggingafræðilega stöðu sjóðsins sem er innan hámarks vikmarka sem lög mæla fyrir um svo ekki þarf að gera breytingar á réttindum.

Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur sjóðsins, mun hér á eftir gera nánari grein fyrir tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins.

Samþykktarbreytingar

Fyrir fundinum liggja fyrir fimm breytingar á samþykktum sjóðsins frá stjórn. Tvær þeirra eru breytingar á 11. grein um örorkulífeyri, tvær tillögur um breytingar á 16. grein um tilhögun lífeyrisgreiðslna og ein tillaga um breytingu á 17. grein um endurgreiðslu iðgjalds. Samþykktarbreytingar og rökstuðningur fyrir þeim verða kynntar hér á eftir af Kolbrúnu Kristínu Antonasdóttur og kosið um þær rafrænt sem gerir þeim sem fylgjast með í streymi kost á að taka þátt.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn var árið 2024 valinn besti lífeyrissjóður Evrópuþjóða með færri en eina milljón íbúa af fagttímaritinu Investment Pension Europe (IPE). Frjálsi fékk einnig tilnefningu í þemaflokknum Tækni og í tegundaflokki lífeyrissjóða (Multi Employer). Þetta er í 15. sinn sem IPE verðlaunar Frjálsa frá árinu 2005, sem er mesti fjöldi IPE verðlauna sem fallið hefur íslenskum lífeyrissjóði í skaut.

Frjálsi hefur frá stofnun staðið fyrir frelsi, frelsi sjóðfélaga til að velja sér lífeyrissjóð, fjárfestingarleið og viðbótarsparnað og frelsi til að færa viðbótarsparnaðinn í aðra sjóði. Í frelsinu felst ábyrgð og er nýr rekstrarsamningur við Arion banka gerður með hagsmunum sjóðsfélaga að leiðarljósi með markmið um úrvalsbjónustu og lækun kostnaðar.

Aðgengilegar upplýsingar og fræðsla um lífeyrismál eru mikilvægur þáttur í þjónustu lífeyrissjóða. Með því að halda reglulega opna fræðslufundi í samvinnu við rekstraraðila leggur Frjálsi sitt af mörkum til að upplýsa og fræða sem flesta um lífeyrismál. Fundir síðustu ára hafa meðal annars fjallað um ávöxtun, sérstöðu sjóðsins og útgreiðslur. Upptökur af fundunum er hægt að nálgast á facebook síðu sjóðsins og á heimasíðunni en þar má einnig nálgast upplýsingar á ensku og pólsku sem þjónustu við núverandi og vænta sjóðfélaga sem ekki hafa íslensku sem móðurmál.

Kosning í stjórn og varastjórn hefur nú þegar farið fram rafrænt og verða úrslit kynnt hér á eftir. Átta framboð bárust í aðalstjórn en þrjú sæti eru í boði og fimm framboð í eitt sæti í varastjórn. Kosning hófst fyrir viku og lauk nú klukkan fimm.

Einn stjórnarmanna, Jón Guðni Kristjánsson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn. Frjálsi hefur notið gríðalegrar reynslu Jóns Guðna af lífeyrismálum sem hefur á ferli sem spannar meira en fjóra áratugi víðað að sér ótrúlegri þekkingu á bæði innlendum og erlendum fjármálamörkuðum og rekstri lífeyrissjóða. Þessari þekkingu hefur Jón deilt með aðstandendum sjóðsins af óeigingirni og erum við þakklát fyrir þann tíma sem hann hefur þjónustað sjóðinn og óskum honum velfarnaðar í þeim verkefnum sem hann hverfur til. Stjórnin hélt 14 stjórnarfundi á árinu.

Góðir sjóðfélagar, mig langar að þakka ykkur traustið sem þið hafa sýnt sjóðnum í gegnum tíðina. Framkvæmdastjóra sjóðsins, Arnaldi Loftssyni fyrir samstarfið og starfsfólki Arion banka þakka ég ánægjulegt og gefandi samstarf. Einnig vil ég nota þetta tækifæri og færa meðstjórnendum mínum þakki fyrir gott samstarf á liðnu ári.

Ásdís Eva Hannesdóttir, formaður stjórnar